



# ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Útgáfa: 2

Dags. útgáfu: 6. janúar 2016

## 1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **OLÍUHREINSIR 1047**

1.2. Tilgreind notkun Hreinsiefni.

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík

Sími: 515 1000

Netfang: [olis@olis.is](mailto:olis@olis.is)

Veffang: [www.olis.is](http://www.olis.is)

1.4. Neyðarsímanúmer  
Neyðarlínan: 112  
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

## 2. HÆTTUGREINING

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar  
Flokkun skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP)

Flokkun Eit. v. ásvelg. 1; H304  
Stökkbr. 1B; H340  
Krabb. 1B; H350  
STOT RE 1; H372 (miðtaugakerfi)

2.2. Merkingaratriði  
Hættumerki



Viðvörðunarorð  
Hættusetningar Hætta  
H304 – Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.  
H340 – Getur valdið erfðagöllum.  
H350 – Getur valdið krabbameini.

Varnaðarsetningar

H372 – Skaðar líffæri (miðtaugakerfi) við langvinn eða endurtekin váhrif.  
P201 – Aflið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.  
P280 – Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/aughlífvar/andlitshlífvar.  
P331 – Ekki framkalla uppköst.  
P405 – Geymist á læstum stað.  
P301+P310 – EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í  
EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.  
P308+P313 – EF um váhrif eða hugsanleg váhrif er að ræða: Leitið lækni.  
P501 – Fargið innihaldi/íláti í samræmi við gildandi lög og reglur.

Hættuleg merkingarskyld efni á merkimiða

Hættuleg efni Terpentína (CAS: 8052-41-3)

2.3. Aðrar hættur

Aðrar hættur Inniheldur hvorki PBT- né vPvB-efni.

## 3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Efnispáttur	Efnakenni	Magn %	CLP-flokkun
Terpentína	CAS#: 8052-41-3 EINECS#: 232-489-3	75-100	Eit. v. ásvelg. 1; H304 Stökkbr. 1B; H340 Krabb. 1B; H350 STOT RE 1; H372 (miðtaugakerfi)

Yfirborðsvirk efni (blanda)	CAS#: - EINECS#: -	5-25	-
-----------------------------	-----------------------	------	---

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

#### 4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

##### 4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

<b>Eftir innöndun</b>	Færið viðkomandi í ferskt loft og látið hvílast í stellingu sem léttir öndun. Leitið lækni ef einkenni vara.
<b>Eftir snertingu við augu</b>	Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15 mínútur. Fjarlægjið snertilinsur. Haldið augnlokum frá auganu til að tryggja vandlega skolun. Leitið lækni ef einkenni vara. Hafið þessar öryggisleiðbeiningar meðferðis.
<b>Eftir snertingu við húð</b>	Farið strax úr óhreinuðum fatnaði og skóm. Skolið húð með vatni eða farið í sturtu. Leitið lækni ef erting kemur fram.
<b>Eftir inntöku</b>	Skolið munninn vel. EKKI framkalla uppköst. Leitið lækni strax.

##### 4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

**Einkenni og áhrif** Getur valdið sljóleika og svima, höfuðverk, ógleði, uppköstum.

##### 4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

**Sérstök meðhöndlun** Ekki þekkt.

#### 5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

##### 5.1. Slökkvibúnaður

<b>Viðeigandi</b>	Alkóhólþolin froða, slökkviðuft, koltvísýringur, vatnsúði.
<b>Óviðeigandi</b>	Notið ekki vatnsbunu.

##### 5.2. Sérstök hættu af blöndunni

**Sérstök hættu** Gufur geta myndað sprengifima blöndu í snertingu við loft. Myndefni við bruna geta verið skaðleg heilsu.

##### 5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

**Hlífðarbúnaður** Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með andlitsgrímu, stillt á yfirþrýsting. Fatnaður (þ.á.m. hjálmur, stígvél og hanskar) í samræmi við evrópska staðalinn EN 469 veitir grunnvörn í tilfelli efnaleka. Kælið nálæg ílát/umbúðir með vatnsúða.

#### 6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

##### 6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

**Ráðstafanir** Haldið óviðkomandi frá og vindmegin við leka. Fjarlægjið alla íkveikjugjafa. Varist innöndun gufu og úða. Forðist snertingu við efnið eða umbúðir án viðeigandi hlífðarbúnaðar. Loftræstið lukt rými áður en farið er inn. Gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart ef ekki tekst að koma böndum á leka.

##### 6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

**Ráðstafanir** Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Hindrið að berist í jarðveg, fráveitur, vatnsfarvegi og holræsi. Gerið yfirvöldum viðvart ef efnið veldur umhverfismengun (fráveitur, vatnsfarvegir, jarðvegur).

##### 6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

**Aðferðir og efni** Safnið með hvarftregu ísogsefni og setjið í viðeigandi merkt ílát til förgunar. Lokið og innsiglið og fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila.

##### 6.4. Tilvísun í aðra liði

**Aðrir liðir** Sjá 8. lið fyrir upplýsingar um viðeigandi persónuhlífar. Sjá 13. lið fyrir viðbótarupplýsingar um förgun.

#### 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

##### 7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

**Örugg meðhöndlun** Meðhöndlið ekki nærri eldi, hita- og neistagjöfum. Hlífið við beinu sólarljósi. Reykið ekki. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafmagni. Notið aðeins búnað sem neistar ekki. Varist snertingu við húð og augu. Ófrískar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki meðhöndla efnið. Losið ekki út í umhverfið. Gætið almenns hreinlætis við meðhöndlun efna. Verklag skal miða að því að lágmarka snertingu.

**Varúðarráðstafanir** Verklag skal miða að því að lágmarka snertingu.

**Tæknilegar ráðstafanir** Tryggið greiðan aðgang að hreinu vatni og augnaskolunarbúnaði.

##### 7.2. Örugg geymslukilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

**Ráðstafanir** Geymið í tryggilega luktum, upprunalegum umbúðum á köldum og vel loftræstum stað. Hlífið við hita og beinu sólarljósi. Geymið fjarri ósamrýmanlegum efnum.

##### 7.3. Sérstök notkun

**Sérstök notkun** Á ekki við.

## 8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

### 8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Viðmiðunarmörk

Terpentína

CAS	Þakgildi	15 mín. STEL	Upplýsingar
8052-41-3	145 mg/m <sup>3</sup> , 25 ppm	-	Danmörk

### 8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir

Augnskolunarbúnaður og öryggissturtur skulu vera nálægt vinnustöð.

Persónuhlífar

Innöndun

Öndunarhlífa ekki þörf við venjuleg skilyrði.

Til hlífðar höndum

Notið hlífðarhanska. Ráðlagt efni í hönskum: Neópren, PVC.

Til hlífðar augum

Notið viðurkennd öryggisglæraugu þar sem hættu er á snertingu.

Hreinlæti

Meðhöndlið efni með varúð og gætið að hreinlæti.

Þvoið hendur fyrir vinnuhlé og í lok vinnudags. Notið handaábúð.

Ekki geyma matvæli, drykki eða tóbak í sama rými og þetta efni er notað.

Húð og líkami

Notið hlífðarfatnað til að hindra endurtekna eða langvarandi snertingu.

Umhverfisráðstafanir

Fargið efninu og umbúðum í samræmi við gildandi lög og reglur.

## 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

### 9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand

Vökvi

Litur

Fölgulur

Lykt

Terpentína

Blossamark

38-45°C

Sprengimörk

-neðri

0,7% rúmm.

-efri

6,5% rúmm.

Sjálfsíkveikjuhitastig

240°C

Vatnsleysni

Leysist ekki upp í vatni

Eðlisþyngd

0,8 g/cm<sup>3</sup>

## 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

### 10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni

Stöðugt.

### 10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki

Stöðugt við venjuleg hitastig og ráðlagða notkun.

### 10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg efnahvörf

Engin þekkt.

### 10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði

Hiti.

### 10.5. Ósamrýmanleg efni

Ósamrýmanleg efni

Sterkir oxarar, sýrur, basar.

### 10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni

Hættulegar gufur/lofttegundir geta myndast við upphlitun.

## 11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Innöndun

Innöndun gufu getur valdið höfuðverk, svima, rugli, súrefnisskort og meðvitundarleysi. Endurtekin eða langvarandi innöndun lífrænna leysiefna getur valdið varanlegum skaða á miðtaugakerfi.

Inntaka

Getur valdið lungnaskaða, jafnvel banvænum, ef efnið berst í lungu við inntöku eða uppköst. Eitrunareinkenni geta verið tafir.

Snerting við húð

Getur valdið húðertingu. Endurtekin eða langvarandi snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Snerting við augu

Veldur augnertingu.

Krabbameinsv. áhrif

Getur valdið krabbameini.

Stökkbr. áhr. á kímfr.

Getur valdið erfðagöllum.

## 12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 12.1. Eiturhrif

Visteiturhrif

Getur verið skaðlegt vatnalífi.

### 12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki

Engar upplýsingar.

### 12.3. Uppsöfnun í lífverum

#### Uppsöfnun

Terpentína n-Oktanól/vatn (logKow): 3,16 – 7,15

### 12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Leysist ekki upp í vatni.

### 12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Á ekki við.

### 12.6. Önnur váhrif

Önnur váhrif Engin þekkt.

## 13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun efnis/umbúða Fargið á öruggan hátt í samræmi við gildandi lög og reglur.

Úrgangskóði (EWC) Úrgangskóði skal fundinn út í samráði við viðurkenndan förgunaraðila.

Endanlegur úrgangskóði veltur á notkun efnisins.

## 14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

### 14.1. Alþjóðlegar reglur

UN-númer 1299  
Rétt sendingarheiti TURPENTINE, (FLAMMABLE LIQUID)  
Hættuflokkur (ADR) 3  
Hættuauðkennisnúmer 30  
Pökkunarhópur III  
Gangakóði (D/E)

## 15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

### 15.1.1. ESB-reglur

Reglur Flokkun, merking og pökkun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

### 15.2. Efnaöryggismat

Mat Á ekki við.

## 16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

**Hættusetningar**  
H304 – Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg.  
H340 – Getur valdið erfðagöllum.  
H350 – Getur valdið krabbameini.  
H372 – Skaðar líffæri (miðtaugakerfi) við langvinn eða endurtekin váhrif.

**Skammstafanir**  
**CLP:** Flokkun, merking og pökkun.  
**ADN:** Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum.  
Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.  
**ADR:** Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum  
Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.  
**DNEL:** Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.  
**EmS** (neyðaráætlun): Fyrri kóðinn vísar til viðeigandi brunaáætlunar og seinni kóðinn vísar til viðeigandi áætlunar vegna efnaleka.  
**IMDG:** Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.  
**PBT:** Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.  
**PNEC:** Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg.  
**TWA:** Tímavegið meðaltal.  
**STEL:** Skammtíma váhrif.  
**STOT RE:** Sértek eitruhrif á marklíffæri, endurtekin váhrif.  
**STOT SE:** Sértek eitruhrif á marklíffæri, váhrif í eitt skipti.  
**vPvB:** Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

**Endurskoðun** 6. janúar 2016.  
**Útgáfa** 2  
**Gert þann** 6. janúar 2016.  
**Uppsetning** Reynir Hjálmarsson  
**Heimild** Olíuverzlun Íslands hf., [olis@olis.is](mailto:olis@olis.is)